

89. fundur

89. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags haldinn í fundarsal S.S.S., Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbær, mánudaginn 4. apríl 2022, kl. 8:30.

Mætt: Sigurgestur Guðlaugsson, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Guðmundur Pétursson, Ásgeir Eiríksson, Pálmi Freyr Randversson og Berglind Kristinsdóttir. Fundargerð ritaði Berglind Kristinsdóttir.

Dagskrá:

- Hagræn áhrif Suðurnesjalínu 2, skýrsla – upplýsingar um stöðu mála.**
Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu mála. Vinna er hafin við gerð skýrslunnar og gert er ráð fyrir því að henni verði lokið í lok maí.
- Staða og áskoranir í orkumálum – Skýrsla starfshóps um stöðu og áskoranir í orkumálum - með vísan til markmiða og áherslna stjórnvalda í loftslagsmálum.**
<https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/St%c3%b6%c3%b0usk%c3%bdrsla%20%c3%a1skoranir%20%c3%ad%20orkum%c3%a1um%2008032022.pdf>
Í skýrslunni er fjallað um hversu mikla orku þurfi til þess að markmið stjórnvalda í loftslagsmálum nái fram að ganga. Í ljósi hennar er mikilvægt fyrir Suðurnesin að koma sér saman um forgangsröðun verkefna á svæðinu.
- Hringrásarhagkerfið – Almex.**
Formaður stjórnar sagði frá verkefnum fyrirtækisins Almex en Reykjanesbær hefur skrifað undir viljayfirlýsingu við fyrirtækið.
- Þróunaráætlun Kadeco – staðan.**
Framkvæmdastjóri Kadeco sagði frá þróunaráætluninni og markmiðum hennar. Áætlunin gerir m.a. ráð fyrir því að búið verði að afmarka lóðir á þróunarsvæðinu sem og að lagaðar verði fram hugmyndir um hvernig starfsemi gæti farið fram á þeim.
- Atvinnuleysistöður.**
Skráð atvinnuleysi á landsvísu í febrúar var 5.2%. Atvinnuleysi á Suðurnesjum er mest eða 9.2% og minnkaði um 9.5% í janúar. Næst mesta atvinnuleysið var á höfuðborgarsvæðinu eða 5,3%.

Ekki voru önnur mál á dagskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:30.